

Stjórnarfundur HRFÍ 24. janúar 2022

Haldinn kl. 16:30, Síðumúla 15

Mættir: Daníel Örn Hinriksson, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Helga Kolbeinsdóttir, Marianna Gunnarsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir og Guðný Ísaksen, framkvæmdastjóri.

Vísindanefnd NKU

Tilnefna þarf einstakling í nefndina.

PMF deild.

Áhugi er fyrir að endurvekja starfsemi deildarinnar og eru langt komin. Guðbjörg Guðmundsdóttir hefur tekið við erindinu.

Deildarsýningar.

Að fenginni umsögn sýningastjórnar hafa tvær deildarsýningar verið samþykktar af hálfu stjórnar og erindum svarað milli funda. Það er Cavalierdeild, í maí 2022, og Schnauzerdeild dagana 16. - 17. júlí 2022.

Meðmæli fulltrúa í Europe Section FCI.

Herdís Hallmarsdóttir hefur óskað eftir meðmælum stjórnar, en hún ætlar að gefa kost á sér til starfa í Europe Section FCI. Stjórn veitir að sjálfsögðu meðmæli.

Veiðipróf 2022

Færa þarf próf þar sem þau stangast á við sýningar félagsins. Svar sent Veiðiprófanefnd.

Starfsreglur ræktunardeilda

Deildir hafa auglýst rafræna fundi og kosningar fyrir komandi ársfundi sína. Starfsreglur ræktunardeilda heimila ekki rafræna kosningu. Í starfsreglum ræktunardeilda er ekki kveðið á um framkvæmd rafrænna ársfunda, félagsfunda, og rafrænna kosninga. Endurskoða þyrfti reglurnar til að slíkir viðburðir væru framkvæmanlegir. Stjórn hvetur deildir til að bíða með skipulagningu ársfunda á meðan núverandi takmarkanir eru í gildi vegna COVID-19.

Vinnuhundadeild

Dagskrá Vinnuhundadeildar fyrir starfsárið 2022 var samþykkt.

Önnur mál

Fræðslukvöld

Erna Sigríður Ómarsdóttir verður með fræðslukvöld um hundasýningar á Zoom annað kvöld.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 7. febrúar kl 16:30 á skrifstofu félagsins.